

Veiðifélag landmannaafreittar
Skarð, Landsveit
851 Hella

Reykjavík, 1. apríl 2022
UST202006-045/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda vegna lagningar vegar að Lifrafjallavatni innan Friðlands að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veiðifélags Landmannaafreittar, dagsett 2. júní 2020, um leyfi til framkvæmda vegna veglagningar innan Friðlandsins að Fjallabaki að Lifrafjallavatni.

Friðland að Fjallabaki

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Í aðgerðaráætlun 2021-2023 stjórnunar- og verndaráætlunar Friðlands að Fjallabaki er ein af aðgerðum að kannaður verði möguleiki á færslu vegar að Lifrafjallavatni í samráði við Veiðifélag Landmannaafreittar, Vegagerðina og Rangárþing ytra.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja nýjan 5m breiðan og 1276 m langan veg að Lifrafjallavatni frá Dómadalsleið (veg nr. F225) um Fitjar. Veginum er ætlað að leysa eldri veg af hólmi og bæta aðgengi að vatninu. Fyrirhugað er að jafna út vegstæðið á kafla og að hluta til tæta með jarðtætara og valta til þéttingar en ekki þarf að keyra efni í vegstæðið né byggja veginn upp. Vegurinn mun tengjast Dómadalsleið þar sem reiðgötur mæta veginum á Fitjum þar til kemur að brekku við Sandgil. Farið verður upp með Sandgili og upp hálsinn þar sem er mosabrekka. Þar verður notaður jarðtætari með valtara til að tæta, jafna og þjappa jarðvegi í vegstæðinu. Þegar mosabrekkan hættir er komið upp á hálsinn þar sem þarf að flytja til stærri grjót sem afmarkar veginn. Uppi á hálsinum er komið inn á gamlan veg sem liggur niður brekku og endar ofan við Lifrafjallavatn þar sem afmarkað verður bílastæði. Loftmynd sem sýnir legu vegarins fylgdi umsókninni. Að verkinu munu koma tveir menn með traktorsgröfu eða jarðýtu. Dráttarvél með sturtuvagni verður nýtt til að flytja til efni. Áætlaður framkvæmdartími eru tvær vikur og stefnt er að því að fara í framkvæmdina sumarið 2022. Framkvæmdin er tilkynningsaskyld til Skipulagsstofnunar. Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir 21. febrúar 2022 og metur stofnunin að ekki sé um veglagningu að ræða í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat.

Áhrifamat:

Fulltrúar Umhverfisstofnunar, Veiðifélags Landmannaafreittar og samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra fóru í vettvangsferð 19. júní 2019 til að skoða aðstæður

þar sem áætlað er að umræddur vegur eigi að liggja að Lifrafjallavatni. Einnig voru aðstæður skoðaðar þar sem núverandi vegur liggur. Tilgangur vettvangsferðar var að skoða kosti þess að leggja nýjan veg að vatninu í stað núverandi vegar með tilliti til bætt aðgengis og verndun viðkvæmra náttúru á svæðinu.

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem um er að ræða lagningu vegar um óraskað svæði. Nýjum vegi er ætlað að koma í stað núverandi vegar sem liggur að Lifrafjallavatni að norðanverðu. Núverandi vegur sem liggur að vatninu er erfiður yfirferðar og veldur talsverðu jarðraski á kafla. Umferð um hann verður takmörkuð við umsjón veiðifélagsins með Lifrafjallavatni þegar nýr vegur verður tekinn í notkun. Nýr vegur kemur til með að vera betri yfirferðar og falla vel að umhverfi sínu ef vandað verður til verka. Raskið og áhrifin verða mest á framkvæmdartíma og því mikilvægt að hann verði eins stuttur og kostur er. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að allur gróður sem tekin er úr vegstæði verði tekinn til hliðar og nýttur í frágang á svæðinu. Einnig að vegur og bílastæði verði vel afmörkuð og dragi úr líkum á því að ekið sé utan vega.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Veiðifélagi Landmannaafreittar fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 15. júní til 30 september 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan framkvæmdinni stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir framkvæmdina hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka tækjum sem nýtt eru við framkvæmdina að og innan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Afmá skal öll hjólför og annað raks utan framkvæmdasvæðis að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Nýta skal allan jarðveg og gróður sem fjarlægður verður úr vegstæði, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, fyrir endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast til að stuðla að náttúrulegu útliti.
- Óheimilt er að nota aðflutt jarðefni, fræ eða gróður við framkvæmdina.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir framkvæmdinni.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri